



Reykjavík, 21. ágúst 2018

VEL2018040035

Málsnr.: R18020254
Skjalasafn Ráðhúss

22. ágú. 2018

Bréfalykill: 5920

Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Umsögn um tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar um aukin atvinnutækifæri ungmenna - R18020254.

Forsaga:

Óskað var eftir umsögn velferðarsviðs um tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar um aukin atvinnutækifæri ungmenna, dags. 27. febrúar 2018. Í greinargerð kemur fram að sköpuð verði aukin atvinnutækifæri unglinga með því að gera ráð fyrir hlutastörfum á elliheimilum, frístundaheimilum, yngsta stigi grunnskólans og á leikskólum á veturnar sem eru ætluð unglingum með skóla. Þannig megi aðstoða borgina með mönnun á þessa staði þar sem erfitt hefur verið að fá starfsfólk.

Svar:

Velferðarsvið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn mannaútsdeildar Reykjavíkurborgar með tillögunni dags. 6. apríl 2018 þar sem m.a. er vísað í mikilvægi þess að framfylgja lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig að mikilvægt sé að ungmenni starfi í umhverfi þar sem öryggi þeirra sé tryggt.

Í umsögninni er einnig vísað til möguleika á framkvæmd tilraunaverkefnis á vegum skóla- og frístundasviðs þar sem ungmennum verði boðið uppá starfsþjálfun innan sviðsins, innan þess svigrúms sem ákvæði fyrrnefndra laga leyfa.

Starfsþjálfun og kynning á ýmsum störfum fyrir börn í efstu bekkjum grunnskólans er án efa góð leið fyrir nemendur, þá sem hluta af námi og getur verið vegvísir fyrir þau inn í framtíðina. Rétt væri að slíkt yrði unnið í samvinnu við námsráðgjafa og viðkomandi nemanda. Mögulega gæti slíkt fyrirkomulag dregið úr brotthvarfi hjá þeim sem eru í áhættu og kveikt áhuga þeirra á ýmsum störfum innan borgarinnar. Það er hins vegar mat velferðarsviðs að ekki sé rétt að bjóða ungmennum launuð störf sem fela mögulega í sér ábyrgð sem ekki samræmist aldri þeirra og þroska.

Virðingarfyllst,

Kristjana Gunnarsdóttir,
skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu